



BARNAVERNDARSTOFA

Samanburður á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda og fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu árin 2013 og 2014

2015

Í þessari samantekt er að finna samanburð á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda skv. sískráningu nefndanna fyrir árin 2013 og 2014. Endanlegar upplýsingar um fjölda tilkynninga koma fram í samtölublöðum barnaverndarnefndanna sem birtast í ársskýrslu Barnaverndarstofu. Einnig er hér að finna upplýsingar um fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu fyrir árin 2013 og 2014.

Tilkynningar til barnaverndarnefnda

Tilkynningum til barnaverndarnefnda fjölgaði um 3,1% á árinu 2014 miðað við árið á undan. Fjöldi tilkynninga var 8.893 á árinu 2014, en 8.623 árið á undan. Tilkynningum á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði um 3,0% en fjölgunin var 3,5% á landsbyggðinni. Þess ber að geta að tilkynning til barnaverndarnefndar verður að barnaverndarmáli ef tekin er ákvörðun um könnun máls í kjölfar tilkynningarinnar.

Flestar tilkynningar á árinu 2014 voru vegna vanrækslu eða 39,8% tilkynninga. Hlutfall tilkynningar vegna vanrækslu árið á undan var 36,2% af heildarfjölda tilkynninga. Hlutfall tilkynninga vegna ofbeldis var 22,5% á árinu 2014, en 26,2% árið á undan. Hlutfall tilkynninga vegna áhættuhegðunar var 37,1% á árinu 2014, en 36,9% árið á undan. Hlutfall tilkynninga þar sem að heilsu eða lífi ófæddis barns var stefnt í hættu lækkaði úr 0,8% á árinu 2013 í 0,6% á árinu 2014.

Hlutfall tilkynninga þar sem tilkynnt var um vanrækslu og fram kom að foreldrar voru í áfengis- og/eða fíkniefnaneyslu var 11,1% á árinu 2014, en 9,1% á árinu 2013. Í tilkynningum um ofbeldi var hlutfall tilkynninga þar sem um heimilisofbeldi var að ræða 5,5% á árinu 2014 en 5,2% árið á undan.

Samanlagður fjöldi barna sem tilkynnt var um á árinu 2014 var 7.194 börn, en sambærileg tala fyrir árið á undan var 7.046 börn. Þess ber að geta að tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt var um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

Umsóknir til Barnaverndarstofu

Umsóknum um meðferð fjölgaði milli áranna 2013 og 2014. Umsóknir um Stuðla voru 46 á árinu 2014 en 34 árið á undan. Umsóknir um meðferðarheimili voru 30 á árinu 2014, en 21 árið á undan. Alls bárust 95 umsókn um MST á árinu 2014 en 82 árið á undan. Fjölkorfameðferð (MST) snýr að fjölskyldum unglinga með fjölþættan hegðunarvanda sem kominn er á það alvarlegt stig að vistun unglings utan heimilis er talin koma til greina. Markhópurinn eru unglingar á aldrinum 12-18 ára og fer meðferðin fram á heimilum fólks.

Flestar umsóknir um Stuðla og meðferðarheimili voru frá Reykjavík og nágrenni Reykjavíkur eða 71,8% umsókna um Stuðla og 70,0% fyrir meðferðarheimili. Árið á undan var hlutfall umsókna frá Reykjavík og nágrenni Reykjavíkur 52,9% fyrir Stuðla og 66,6% fyrir meðferðarheimili. Hlutfall umsókna um MST frá Reykjavík var 40,0% á árinu 2014 en 60,0% umsókna var frá nefndum í nágrenni Reykjavíkur, en þjónustusvæði MST nær yfir 60-90 mínútna akstursfjarlægð frá Reykjavík.

Fleiri umsóknir um Stuðla, meðferðarheimili og MST bárust fyrir drengi en stúlkur bæði árin.

Beiðnir til Barnaverndarstofu um fósturheimili fækkaði úr 141 í 120 á umræddu tímabili. Flestar beiðnir á árinu 2014 voru frá Reykjavík og nágrenni Reykjavíkur eða 62,5% umsókna, en 37,5% beiðna voru frá nefndum á landsbyggðinni. Fleiri beiðnir bárust fyrir stúlkur á árinu 2014, en fleiri fyrir drengi árið á undan.

Í Barnahúsi fækkaði rannsóknarviðtölum úr 253 á árinu 2013 í 221 á árinu 2014. Skýrslutökum fækkaði úr 96 í 77 milli ára en könnunarviðtölum fækkaði úr 157 í 144. Stúlkur voru í meirihluta þeirra barna sem komu í rannsóknarviðtöl, 67,4% á árinu 2014, en 71.8% árið á undan.

Vistanir á neyðarvistun Stuðla voru 163 á árinu 2014, en 206 árið á undan. Vistunardögum fækkaði úr 1.385 í 1.102. Fjöldi einstaklinga var 81 á árinu 2014 en 82 árið á undan og voru fleiri drengir vistaðir en stúlkur bæði árin. Þess ber að geta að frá júlí fram í desember 2014 fækkaði rýmum í neyðarvistun úr fimm í þrjú m.a. vegna breytinga á neyðarvistun. Endurbætt deild var formlega opnuð þann 12. desember s.l. og var herbergjum deildarinnar fjölgað um eitt þannig að nú eru rými fyrir 6 börn í stað þeirra 5 plássu sem áður var. Einnig hefur deildinni verið kynjaskipt þannig að nú er hægt að vista drengi og stúlkur í aðskildum rýmum. Auk þessa hefur verið útbúið sérstakt neyðarrými sem ætlað er í móttöku barna í slæmu ásigkomulagi þannig að þau þurfi ekki að vera innan um önnur börn á meðan þau eru að jafna sig.

Umsóknir um leyfi til að gerast fósturforeldrar voru 61 á árinu 2014 en 69 árið á undan. Flestar umsóknir voru frá Reykjavík og nágrenni.

Í eftirfarandi töflum má sjá sundurliðun á þessum samanburði.

Tilkynningar til barnaverndarnefnda

Fjöldi tilkynninga

Barnaverndarnefnd	2013		2014	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Barnaverndarnefnd Reykjavíkur	3.891	45,1	4.003	45,0
Fjölskyldunefnd Seltjarnarness	38	0,4	43	0,5
Barnavernd Kópavogs	717	8,3	767	8,6
Fjölskylduráð Garðabæjar	196	2,3	256	2,9
Barnaverndarnefnd Hafnarfjarðar	872	10,1	836	9,4
Barnaverndarnefnd Reykjanesbæjar	640	7,4	514	5,8
Fjölskylduráð Grindavíkur	80	0,9	76	0,9
Fjölskyldu- og velferðarnefnd Sandgerðisbæjar, Garðs og Voga	246	2,9	288	3,2
Fjölskyldunefnd Mosfellsbæjar	199	2,3	183	2,1
Barnaverndarnefnd Akraneskaupstaðar	150	1,7	179	2,0
Barnaverndarnefnd Borgarfjarðar og Dala Félagsmála- og barnaverndarnefnd Snæfellinga	17	0,2	39	0,4
Barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum	129	1,5	204	2,3
Barnaverndarnefnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðar	6	0,1	11	0,1
Barnaverndarnefnd Húnaþings vestra og Stranda	40	0,5	17	0,2
Félagsmálaráð Austur Húnavatnssýslu	45	0,5	82	0,9
Barnaverndarnefnd Skagafjarðar	26	0,3	17	0,2
Barnaverndarnefnd Útey	78	0,9	74	0,8
Barnaverndarnefnd Eyjafjarðar	399	4,6	368	4,1
Félags- og barnaverndarnefnd Þingeyinga Félagsmálanefnd Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar	60	0,7	94	1,1
Barnaverndarnefnd Fjarðabyggðar	90	1,0	97	1,1
Félagsmálanefnd Hornafjarðar	44	0,5	57	0,6
Félagsmálanefnd Árborgar	185	2,1	225	2,5
Velferðarnefnd Árnesþings	115	1,3	75	0,8
Barnaverndarnefnd Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu	51	0,6	58	0,7
Fjölskyldu- og tómstundaráð Vestmannaeyja	168	1,9	115	1,3
Samtals	8.623	100,0	8.893	100,0

Fjöldi tilkynninga skipt eftir kynjum

Kyn	2013		2014	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	4.705	54,6	4.918	55,3
Stúlkur	3.861	44,8	3.930	44,2
Ekki vitað ¹	57	0,7	45	0,5
Samtals	8.623	100,0	8.893	100,0

¹Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna

Fjöldi tilkynninga eftir landsvæði

Landsvæði	2013		2014	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Höfuðborgarsvæði ¹	5.913	68,6	6.088	68,5
Landsbyggð	2.710	31,4	2.805	31,5
Samtals	8.623	100,0	8.893	100,0

¹Höfuðborgarsvæðið tilheyrir öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Fjöldi barna sem tilkynnt var um¹

Barnaverndarnefnd	2013		2014	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Barnaverndarnefnd Reykjavíkur	2.943	41,8	3.086	42,9
Fjölskyldunefnd Seltjarnarness	33	0,5	37	0,5
Barnavernd Kópavogs	605	8,6	647	9,0
Fjölskylduráð Garðabæjar	178	2,5	211	2,9
Barnaverndarnefnd Hafnarfjarðar	760	10,8	726	10,1
Barnaverndarnefnd Reykjanesbæjar	538	7,6	428	5,9
Fjölskylduráð Grindavíkur	64	0,9	66	0,9
Fjölskyldu- og velferðarnefnd Sandgerðisbæjar, Garðs og Voga	195	2,8	205	2,8
Fjölskyldunefnd Mosfellsbæjar	170	2,4	147	2,0
Barnaverndarnefnd Akraneskaupstaðar	126	1,8	143	2,0
Barnaverndarnefnd Borgarfjarðar og Dala	46	0,7	89	1,2
Félagsmála- og barnaverndarnefnd Snæfellinga	17	0,2	37	0,5
Barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum	122	1,7	159	2,2
Barnaverndarnefnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðar	6	0,1	10	0,1
Barnaverndarnefnd Húnaþings vestra og Stranda	39	0,6	16	0,2
Félagsmálaráð Austur Húnavatnssýslu	39	0,6	53	0,7
Barnaverndarnefnd Skagafjarðar	26	0,4	16	0,2
Barnaverndarnefnd Útey	78	1,1	74	1,0
Barnaverndarnefnd Eyjafjarðar	354	5,0	320	4,4
Félags- og barnaverndarnefnd Þingeyinga	76	1,1	89	1,2
Félagsmálanefnd Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar	53	0,8	83	1,2
Barnaverndarnefnd Fjarðabyggðar	88	1,2	81	1,1
Félagsmálanefnd Hornafjarðar	39	0,6	47	0,7
Félagsmálanefnd Árborgar	174	2,5	202	2,8
Velferðarnefnd Árnesþings	109	1,5	68	0,9
Barnaverndarnefnd Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu	32	0,5	56	0,8
Fjölskyldu- og tómstundaráð Vestmannaeyja	136	1,9	98	1,4
Samtals	7.046	100,0	7.194	100,0

¹ Tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt er um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur, samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

Fjöldi barna skipt eftir kynjum

Kyn	2013		2014	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	3.818	54,2	3.950	54,9
Stúlkur	3.187	45,2	3.221	44,8
Ekki vitað ¹	41	0,6	23	0,3
Samtals	7.046	100,0	7.194	100,0

¹Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna

Fjöldi barna sem tilkynnt var um eftir landsvæði

Landsvæði	2013		2014	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Höfuðborgarsvæði ¹	4.689	66,5	4.854	67,5
Landsbyggð	2.357	33,5	2.340	32,5
Samtals	7.046	100,0	7.194	100,0

¹Höfuðborgarsvæðið tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Fjöldi barna þar sem mál var þegar til meðferðar (opið mál) eða ákveðið var að hefja könnun

	2013		2014	
	Fjöldi	Hlutfall ¹	Fjöldi	Hlutfall ¹
Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun, mál þegar í könnun eða meðferð (opið mál)	4.661	66,2	4.913	68,3
Drengir	2.365	50,7	2.530	51,5
Stúlkur	2.261	48,5	2.355	47,9
Ekki vitað ²	35	0,8	28	0,6
Þar af nýjar kannanir	2.388	33,9	2.541	35,3
Drengir	1.164	48,7	1.299	51,1
Stúlkur	1.208	50,6	1.217	47,9
Ekki vitað ²	16	0,7	25	1,0

¹Hlutfall af þeim börnum sem tilkynnt var um

²Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna

Ástæður tilkynninga

Ástæður tilkynninga	2013		2014	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Vanræksla	3.124	36,2	3.537	39,8
<i>Drengir</i>	1.557	18,1	1.790	20,1
<i>Stúlkur</i>	1.567	18,2	1.747	19,6
Líkamleg vanræksla	238	2,8	235	2,6
<i>Drengir</i>	116	1,3	134	1,5
<i>Stúlkur</i>	122	1,4	101	1,1
Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit	2.626	30,5	2.818	31,7
<i>Drengir</i>	1.333	15,5	1.431	16,1
<i>Stúlkur</i>	1.293	15,0	1.387	15,6
Þar af foreldrar í áfengis-og fíkniefnaneyslu	786	9,1	983	11,1
<i>Drengir</i>	382	4,4	498	5,6
<i>Stúlkur</i>	404	4,7	485	5,5
Vanræksla varðandi nám	140	1,6	163	1,8
<i>Drengir</i>	70	0,8	89	1,0
<i>Stúlkur</i>	70	0,8	74	0,8
Tilfinningaleg vanræksla	257	3,0	477	5,4
<i>Drengir</i>	108	1,3	225	2,5
<i>Stúlkur</i>	149	1,7	252	2,8
Ofbeldi	2.256	26,2	2.003	22,5
<i>Drengir</i>	1.032	12,0	927	10,4
<i>Stúlkur</i>	1.224	14,2	1.076	12,1
Tilfinningalegt/sálrænt ofbeldi	1.171	13,6	1.060	11,9
<i>Drengir</i>	560	6,5	518	5,8
<i>Stúlkur</i>	611	7,1	542	6,1
þar af heimilisofbeldi	445	5,2	492	5,5
<i>Drengir</i>	217	2,5	253	2,8
<i>Stúlkur</i>	228	2,6	239	2,7
Líkamlegt ofbeldi	541	6,3	477	5,4
<i>Drengir</i>	300	3,5	270	3,0
<i>Stúlkur</i>	241	2,8	207	2,3
Kynferðislegt ofbeldi	578	6,7	450	5,1
<i>Drengir</i>	189	2,2	134	1,5
<i>Stúlkur</i>	389	4,5	316	3,6

Áhættuhegðun	3.178	36,9	3.302	37,1
<i>Drengir</i>	2.117	24,6	2.204	24,8
<i>Stúlkur</i>	1.061	12,3	1.098	12,3
Neysla barns á vímuefnum	564	6,5	612	6,9
<i>Drengir</i>	358	4,2	384	4,3
<i>Stúlkur</i>	206	2,4	228	2,6
Barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu	1.159	13,4	1.372	15,4
<i>Drengir</i>	664	7,7	838	9,4
<i>Stúlkur</i>	495	5,7	534	6,0
Afbrot barns	1.033	12,0	884	9,9
<i>Drengir</i>	782	9,1	648	7,3
<i>Stúlkur</i>	251	2,9	236	2,7
Barn beitir ofbeldi	349	4,0	363	4,1
<i>Drengir</i>	280	3,2	295	3,3
<i>Stúlkur</i>	69	0,8	68	0,8
Erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt	175	2,0	172	1,9
<i>Drengir</i>	100	1,2	92	1,0
<i>Stúlkur</i>	75	0,9	80	0,9
Heilsa eða líf ófædds barns í hættu	65	0,8	51	0,6
Tilkynningar alls	8.623	100,0	8.893	100,0
Hversu oft var barn í yfirvofandi hættu²	227	100,0	307	100,0
<i>Drengir</i>	115	50,7	151	49,2
<i>Stúlkur</i>	111	48,9	156	50,8
<i>Ekki vitað³</i>	1	0,4	0	0,0

¹Athugið að aðeins má merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu. Hins vegar má merkja við fleiri undirástæður t.d. innan vanrækslu. Ef ein tilkynning berst um vanrækslu skal merkja við vanrækslu sem aðalflokk en merkja má t.d. við bæði líkamlega vanrækslu og tilfinningalega. Samanlagður fjöldi aðalflokka fjögurra stemmir því við fjölda tilkynninga en fjöldi innan hvers aðalflokks þarf ekki að stemma við heildartöluna.

²Að mati tilkynnanda

³Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna

Tilkynnendur

Tilkynnendur	2013		2014	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Barnið sjálft	60	0,7	45	0,5
Ættingjar barns aðrir en foreldrar	456	5,3	574	6,5
Nágrannar	698	8,1	647	7,3
Önnur barnaverndarnefnd	223	2,6	194	2,2
Þjónustumiðst./starfsm.félagsþjónustu	223	2,6	277	3,1
Lögregla	3.800	44,1	3.915	44,0
Skóli, sérfræðiþj., fræðslu- eða skólaskr.	960	11,1	925	10,4
Leikskóli/gæsluforeldri	175	2,0	176	2,0
Læknir/heilsugæsla/sjúkrahús	749	8,7	815	9,2
Foreldrar barns	729	8,5	706	7,9
Aðrir	550	6,4	619	7,0
Samtals	8.623	100,0	8.893	100,0

Umsóknir um meðferð

Tegund meðferðar

Tegund meðferðar	2013		2014	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Stuðlar	34	24,8	46	26,9
Langtímameðferð	21	15,3	30	17,5
MST	82	59,9	95	55,6
Samtals	137	100,0	171	100,0

Umsóknir um Stuðla eftir landsvæði

Landsvæði	2013		2014	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	13	38,2	17	37,0
Nágrenni Reykjavíkur ¹	5	14,7	16	34,8
Landsbyggð	16	47,1	13	28,3
Samtals	34	100,0	46	100,0

¹Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Umsóknir um meðferðarheimili eftir landsvæði

Landsvæði	2013		2014	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	7	33,3	14	46,7
Nágrenni Reykjavíkur ¹	7	33,3	7	23,3
Landsbyggð	7	33,3	9	30,0
Samtals	21	100,0	30	100,0

¹Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Umsóknir um MST eftir landsvæði

Landsvæði	2013		2014	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	37	45,1	38	40,0
Nágrenni Reykjavíkur ¹	45	54,9	57	60,0
Samtals	82	100,0	95	100,0

¹Þjónustusvæði MST spannar 60 mínútna akstursfjarlægð frá Reykjavík.

Kyn barna sem sótt er um meðferð á Stuðlum fyrir

Kyn	2013		2014	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	21	61,8	31	67,4
Stúlkur	13	38,2	15	32,6
Samtals	34	100,0	46	100,0

Kyn barna sem sótt er um meðferð á meðferðarheimili fyrir

Kyn	2013		2014	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	14	66,7	20	66,7
Stúlkur	7	33,3	10	33,3
Samtals	21	100,0	30	100,0

Kyn barna sem sótt er um MST fyrir

Kyn	Fyrstu 9 mán. 2013		Fyrstu 9 mán. 2014	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	49	59,8	49	51,6
Stúlkur	33	40,2	46	48,4
Samtals	82	100,0	95	100,0

Beiðnir um fósturheimili

Tegund fósturs

Tegund fósturs	2013		2014	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Tímabundið	98	69,5	82	68,3
Varanlegt	22	15,6	21	17,5
Styrkt	21	14,9	17	14,2
Samtals	141	100,0	120	100,0

Beiðnir eftir landsvæði

Landsvæði	2013		2014	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	49	34,8	47	39,2
Nágrenni Reykjavíkur ¹	38	27,0	28	23,3
Landsbyggð	54	38,3	45	37,5
Samtals	141	100,0	120	100,0

¹Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Kyn barna

Kyn	2013		2014	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	75	53,2	55	45,8
Stúlkur	66	46,8	65	54,2
Samtals	141	100,0	120	100,0

Þjónusta í Barnahúsi

Þjónusta í Barnahúsi

	2013	2014
	Fjöldi	Fjöldi
Rannsóknarviðtöl	253	221
a. Skýrslutökur	96	77
b. Könnunarviðtöl	157	144
Greiningar- og meðferðarviðtöl	85	141
Læknisskoðanir ¹	23	15

¹Læknisskoðanir í Barnahúsi féllu niður frá 1. maí til 15. október 2014 vegna breytinga hjá Barnahúsi

Kyn barna í Barnahúsi¹

Kyn	2013		2014	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	72	28,2	72	32,6
Stúlkur	181	71,8	149	67,4
Samtals	253	100,0	221	100

¹Kyn þeirra barna sem komu í skýrslutöku eða könnunarviðtal, sama barn getur komið bæði í skýrslutöku og könnunarviðtal innan tiltekins tíma.

Neyðarvistun á Stuðlum

Neyðarvistun á Stuðlum¹

	2013	2014
	Fjöldi	Fjöldi
Fjöldi vistana	206	163
Vistunardagar	1.385	1.102
Fjöldi einstaklinga	82	81

¹Frá júlí fram í desember 2014 fækkaði rýmum í neyðarvistun úr fimm í þrjú m.a. vegna breytinga á neyðarvistun.

Kyn barna í neyðarvistun á Stuðlum

Kyn	2013		2014	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	52	63,4	48	59,3
Stúlkur	30	36,6	33	40,7
Samtals	82	100,0	81	100,0

Umsóknir um leyfi til að gerast fósturforeldrar

Umsókn um leyfi til að gerast fósturforeldrar

Hvaðan koma umsóknir?	2013		2014	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík og nágrenni ¹	44	63,8	28	45,9
Vesturland	1	1,4	3	4,9
Vestfirðir	3	4,3	3	4,9
Norðurland	4	5,8	12	19,7
Austurland	2	2,9	2	3,3
Suðurland	7	10,1	5	8,2
Reykjanes	8	11,6	7	11,5
Fólk búsett erlendis	0	0,0	1	1,6
Samtals	69	100,0	61	100,0

¹Reykjavík og nágrenni tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.